

## 17. fundur Framkvæmdaráðs Vaxtarsamnings Suðurlands og Vestmannaeyja

Haldinn á Austurvegi 56 2. hæð, Selfossi (húsnæði APS) 10. mars 2009 kl. 13:00

**Mætt voru:** Friðrik Pálsson, Jóna Sigurbjartsdóttir, Elvar K. Valsson og Þorgils Torfi Jónsson. Elliði Vignisson var í fjarfundasambandi. Hörður Sigurgestsson boðaði forföll, þar sem hann er í útlöndum. Einnig voru mætt starfsmenn Atvinnuþróunarfélags Suðurlands: Sædís Íva Elíasdóttir, Steingerður Hreinsdóttir og Hrafn Sævaldsson, sem ritaði fundargerð.

### 1. Setning fundar.

Formaður framkvæmdaráðs setti fundinn.

### 2. Ársreikningur 2008

Einar Sveinbjörnsson endurskoðandi hjá KPMG fór yfir drög að ársreikningi VSSV fyrir árið 2008. Framkvæmdaráð samþykkti ársreikninginn og undirritaði hann. Ársreikningurinn verður lagður fyrir stjórn samningsins til staðfestingar.

### 3. Ársskýrsla 2008, drög kynnt

Hrafn Sævaldsson gerði grein fyrir drögum að Ársskýrslu VSSV fyrir árið 2008. Engar athugasemdir komu fram varðandi drögin.

### 4. Ársfundur VSSV, 30. mars 2009

Ársfundur VSSV verður haldinn 30. mars 2009 á Hótel Rangá. Starfsmenn APS fóru yfir drög að dagskrá, stjórn lýsti ánægju sinni með þær hugmyndi sem fram komu. Starfsmennirnir munu áfram vinna að undirbúningi fundarins.

### 5. Verkefni til afgreiðslu

#### 5.1 Tónlistarhátíð í Rangárvallasýslu

Menningar- og ferðaþjónustuklassi í Rangárvallasýslu óskar eftir stuðningi VSSV, til að halda Tónlistarhátíð í Rangárvallasýslu. Um er að ræða þriggja daga hátíð sem ráðgert er að halda um Hvítasunnuhelgina, 30. maí til 1. júní 2009. Samstarfsaðilar verkefnisins eru 5. Óskað er eftir 500 þús. kr. stuðningi frá VSSV. Heildarkostnaður við verkefnið er 4.030.000 kr. Framkvæmdaráðið hafnar umsókninni þar sem verkefnið fellur ekki að markmiðum samningsins. Ráðið bendir umsækjendum á að beina umsókn sinni til Menningarsamnings Suðurlands.

### 6. Önnur mál

**6.1** Kynning á verkefninu Eldheimar (Pompei Norðursins), sem VSSV studdi á árinu 2008. Sýnd var stuttmynd sem aðstandendur verkefnisins höfðu búið til.

**6.2** Framhald VSSV. Steingerður og Elvar fóru yfir vinnu sem þau hafa unnið tengdu framhaldi samningsins. Megin þema verkefnisins er uppbygging á þekkingarsetri í matvælaframleiðslu.

Stefnt er að því að næsti fundur framkvæmdaráðs verði haldinn 30. mars 2009 kl 10:00. Framkvæmdastjóri APS mun boða til fundarins.

Annað ekki tekið fyrir og fundi lokið kl. 14:15

---

Friðrik Pálsson

---

Jóna Sigurbjartsdóttir

---

Elvar K. Valsson

---

Þorgils Torfi Jónsson

---

Í fjarfundi  
Elliði Vignisson

---

Sædís Íva Elíasdóttir

---

Steingerður Hreinsdóttir

---

Hrafn Sævaldsson